

# MILLISTRÍÐSÁRIN Á EFTIRSTRÍÐSÁRUNUM

Svo mikið er víst að farið hefur meira fyrir öðrum listamönnum hér- lendum en Einari G. Baldvinsyni. Mig minnir að ein tíu ár séu liðin frá því að hann hélt einkasýningu síðast og nú þegar hann stendur fyrir mikilli yfirlitssýningu á verkum sínum að Kjarvalsstöðum er eins og hann fyrir- verði sig hálf í hvoru fyrir umstangið því allt fyrirtækið einkennist af hóg- værd og lítilletti: sýningarskrá, aug- lýsingaspjöld og fréttatilkynningar.

Nú hefur Einar ekki minna fram að færa en margir hávaðasamari starfsbræður hans sem sést m.a. á því að næstum hvert einasta málverk á sýningu hans er löngu selt. Eftir eru oliupastelmyndirnar einar.

## Forkólfar og spor- göngumenn

Þegar rætt er um ákveðnar stefnur eða tímabil í listum er gjarnan vísað til þeirra listamanna sem bera greini- legust einkenni þeirra eða komast næst þeim hugmyndum sem fræðimenn gera sér um gang mála. En þeir listamenn eru sjaldnast þeir sömu og ryðja veginn heldur eftirkomendurnir sem vinna úr þeim hugsmíðum sem forystusauðirnir láta frá sér. Til dæmis gagnar það lítt að leita hreins kúbisma í verkum þeirra Picasso og Braque, sem þó eiga að heita upphafs- menn stefnunnar, heldur fremur í verkum sporgöngumanna eins og Gris, Le Fauconnier, Metzinger, Gleizes o.fl., sem unnu úr forsendum þeirra fyrrnefndu og fínþússuðu frumdrögin.

Þegar við litum til kreppeárunna og þeirrar myndlistar sem þau gátu af sér koma upp í hugann nöfn eins og Jón Engilberts, Snorri Arinbjarnar, Þorvaldur Skúlason og fleiri sem tóku til við að mála íslenskan veru- leika í þá tíð.

## Síðbúinn merkisberi

Við sjáum höfnina og hafnar- verkamenn, fiskvinnslu, báta á sjó, í höfn eða á malarkambinum í ein- hverju þorpinu og svo lífsbaráttu manna og dýra upp til sveita. En ef við ættum að nefna listamenn sem kalla mætti merkisbera þessarar kreppemyndlistar þá hygg ég að margir mundu benda á Einar G.


Baldvinnson. Þar skýtur þó skökku við því Einar byrjar feril sinn ekki fyrr en um 1950, nokkru eftir að þjóðfélagsmynd kreppeárunna er úr sögunni, sem betur fer, og velme- unarþjóðfélagið gengið í garð með öllum sínum annmörkum. Og á því herrans ári 1975 er Einar enn að mála uppskipun þar sem gamli kolákran- inn og forneskjulegir Ford-vörubílar leika stærstu hlutverkin. Í bæjar- myndum sínum, úr Reykjavík,



Einar G. Baldvinnson — Frá Stykkishólmi, 1978.



ADALSTEINN INGÓLFSSON



Einar G. Baldvinnson — Frá Djúpavogi, 1976.

Grindavík, Njarðvík, Norðfirði, Patreksfirði og Hellissandi, svo nokkur pláss séu nefnd, leitar hann uppi gamlar minningar um lágreistar húsa- þyrpingar þar sem hrólegur hestvagn stendur upp við vegg og einstaka maður stigur báruna eftir gljúpri göt- unni, kannski klæddur sjóstakk eða úlsterfrakka.

## Líking fyrir dyggðir

Það væri eflaust auðvelt að af- greiða myndlist Einars sem botnlausu rómantik, lofgjörð um horfna tíð sem var kannski allt annað en lofs- verð — ef maður hefði ekki grun um að annað og meira lægi á bak við þessar sterkbyggðu myndir. Er þessi gamli tími sem Einar virðist fjalla um ekki líking fyrir dyggðir eins og þrautseigju, nægjusemi og vinnusemi sem listamaðurinn vill itreka og leggja traust sitt á, á síðustu og verstu tímum? Séð í því ljósi gegna málverk Einars G. Baldvinnsonar svipuðu hlutverki og skáldsögur Indriða G. Þorsteinssonar sem fjalla um nútíð í gervi fortíðar. Svo mætti að sjálf- sögðu velja því fyrir sér hvort nær- tækari líkingar mundu ekki rata beinni leið að vitund lesanda/skoð- anda. En sem málverk þurfa myndir Einars engra útskýringa eða réttlæt-

inga við, slið er innbyggð tilfinning hans fyrir kröftugri uppbyggingu. Hver mynd hans er reist eins og völd- uggur veggur forma sem mynda takt- fasta hrynjandi þvert yfir flötinn.

## Einlægni

Sérstaklega slær Einar sér upp með kubbulegum húsum tvíst og bast á striganum. Hann er einnig gæddur töluverðu litaskyni sem kemur kann- ski best fram í mynd eins og Frá Stokkseyri, 1970, þar sem skærtraut grindverk í vinstra horni breytir allt í einu skynjun skoðandans. Það má finna að myndlist Einars, mikil ósköp. Stórar mannmyndir hans, t.a.m. af dauða Grettis, hrífa mig ekki sökum stírdlegra hreyfinga og einum of oft endurtekur Einar sama tilbrigðið um ákveðið stef, t.d. í hafnarmyndunum, án þess að bæta nokkru við fyrri útsetningar. Ekki hefur verið valið eins vel úr oliu- pastelmyndunum og málverkunum og detta þær um sjálfar sig margar hverjar. Að öðru leyti sverja þær sig í ætt við Kaupmannahafnarskólann svonefnda, Jóhannes Geir, Sigurð Sigurðsson, Hrólfr Sigurðsson, en þar í borg var Einar við nám á tímabili. Upphenging sýningarinnar er heldur ekki aðlaðandi. En það er í allri um- fjöllun Einars heiðarleiki og einlægni sem er mikils virði.

## Leiklistarþing 1980 er nýafstaðið

# MIKILL NIÐURSKURÐUR HINS OPIN- BERA Á FRAMLÖGUM TIL LEIKLISTAR

## — Alþýðuleikhúsið er í fjársveldi og húsnæðishraki

„Aðalmálið á Leiklistarþingi 1980 var sá mikli niðurskurður sem hefur orðið á framlögum hins opinbera til leiklistar í landinu. Á fjárlögum eru framlög til fjárlagsr listsköpunar nú 0,46 prósent. Það þýðir að um mikla lækkun er að ræða, — lækkun sem ekki skiptir þjóðfélagi miklu máli en kemur sér ákaflega illa fyrir okkur,” sagði Þórunn Sigurðardóttir leikari í samtali við DB.


Þórunn er ein þriggja leikara sem kosin var á þinginu til að fylgja eftir ályktunum og kröfum þess og sömu- leidis leiklistarþings 1977. Hin eru Sigmundur Örn Arngrímsson og Sigrún Valbergsdóttir. — En meira um leiklistina og peningamálin.

„Ef við litum til Noregs og Sví- þjóðar,” hélt Þórunn áfram, „þá renna þrjú prósent af heildarupphæð norsku fjárlaganna til fjárlagsr list- sköpunar. Svíar eru enn rausnarlegri, því að þar er prósentutalan fimm.

Okkur þykir að vonum að starf okkar sé lítils metið þegar á það er litið að aðsókn að leikhúsum okkar er margfalt meiri en í Noregi og Svíþjóð. Við eigum reyndar heims- met í leikhúsaðsókn, ef við miðum við höfðatöluna vinsælu.” Þórunn brosir litlillega. Hún er gamall blaða- maður og þeim þykir höfðatalan heldur leiðinleg tala.

## Lágt verð á aðgöngumiðum

„Ef við berum okkur áfram sam- am við nágrannalöndin, þá er verð aðgöngumiða að leikhúsum hér lægra en víðast hvar annars staðar. Það er því ekkert sérhagsmunamál okkar leiklistarfólksins að styrkið hins opinbera hækki. Það myndi gera



Allir starfandi leiklistarmenn á landinu eiga rétt til að sitja leiklistarþingi. Hér sjáum við nokkra þeirra. Frá vinstri eru Gunnar Benediktsson rithöfundur, Sigurður Sigurðsson leikari hjá Þjóðleikhúsinu, Randver Þorláksson hjá Þjóðleikhúsinu, Baldvín Halldórsson leikari sömu stofnunar og Hallveig Thorlacius frá Leikbrú- landi. Í baksýn má meðal annars greina Jón Júlíusson, framkvæmdastjóra Alþýðuleikhússins.

okkur kleift að halda miðaverðinu áfram niðri.

Leiklistarþingið var haldið í Þjóð- leikhúskjallaranum á sunnudag og mánudag. Þetta var annað þingið sinner tegundar. Hið fyrra var haldið árið 1977. Meðal þeirra 24ra ályktana sem þingið nýafstaðna sendi frá sér var sú að leiklistarþing skuli haldin annað hvert ár í framtíðinni. Þau skulu vera opin meðlimum leiklistar- sambands Íslands og öllum þeim sem hafa atvinnu við leiklist.

Þórunn Sigurðardóttir var innt

eftir öðrum mikilvægum málum sem komu fram á þinginu um síðustu helgi.

„Í framhaldi af því sem ég sagði áðan er rétt að vekja athygli á því að Alþýðuleikhúsið hlaut á síðasta ári tuttugu prósent af aðsókn atvinnu- leikhúsanna,” sagði Þórunn. „Hins vegar fékk það ekki nema 0,75 prósent af allri þeirri fjárveitingu sem rann til atvinnuleikhúsanna á sama tíma. Og Alþýðuleikhúsið er ekki einu sinni á fjárlögum núna!

Sýningar þess fara fram í Lindar-

bæ, sem leigður er dýrum dómum. Það er því mjög brýnt að Alþýðulei- húsið fái húsnæði sem fyrst. Við skorudum á samgönguráðherra að hann beitti sér fyrir því að gamla Sig- tún við Austurvöll fengist aftur nýtt til leiklistarstarfsemi. Einnig skorud- um við á menntamálaráðherra að hann veiti Alþýðuleikhúsinu aðstöðu til æfinga og sýninga í Sigtúni þann tíma sem mótuneyti símamanna starfar ekki. Þessi ágæti salur er ekk- ert nýttur nema sem mótuneyti og símamenn eru alls ekki á því að

hleypta leikurum inn í hann. Meðal ástæðna sem þeir bera fyrir sig er sú að leikarar reyki svo mikið!”

## „Önnur mál”

Önnur mikilvæg hagsmunamál leikara nefndi Þórunn Sigurðardóttir í viðtalinu við Dagblaðið.

„Við skorum á borgaryfirvöld í einni ályktun þingsins að þau taki þegar í stað til við framhald bygg- ingar Borgarleikhúss og hraði henni sem mest. Einnig var rætt um leiklist- ina og ríkisfjölmíðlana útvarp og sjónvarp. Þingið krefst þess að ríkis fjölmíðlunum verði gert kleift að ráða sérstakan hóp leiklistarfólks til starfa. Einnig að hlutfall íslenzkra leikrita í hljóðvarpi verði ekki undir fimmtíu prósentum á ári.

Síðast en ekki sízt er komið inn á þá stefnumörkun útvarpsráðs að ekki verði teknar upp minna en átta klukkustundir af íslenzkum leikritum á ári. Í fyrra vantaði mikið upp á að staðið væri við þetta. Aðeins eitt ís- lenzkt leikrit var tekið upp í fyrra.”

Þórunn sagði að þingfulltrúar hefðu fagnað því mjög að söluskattur skyldi hafa verið felldur niður af sýn- ingum áhugaleikfélaga. Ein af álykt- unum þingsins er á þá leið að sölu skattur af allri leiklist verði felldur niður. Hann nemur í mörgum tilfell- um hærri upphæðum en þeim sem renna listinni til styrktar.

Söluskatturinn var ein af þeim kröfum sem Leiklistarþing 1977 bar upp. Að sögn Þórunnar Sigurðar- dóttur vantar enn talsvert upp á að gengið hafi verið að öllum þeim kröfum. Hlutverk hennar, Sig- mundar Arnar og Sigrúnar Valbergs- dóttur verður því meðal annars það að fylgjast með framgangi þeirra, ekki síður en þeirra sem bornar voru upp á þinginu nýafstaðna.

- ÁT